

Fimmtudaginn 19. september 1991.

Nr. 317/1990. **Svavar Jensson**

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

Birni Sigurðssyni

(Jón Ingólfsson hrl.).

Innsetningargerð. Sameign. Búfé.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1990. Gerir hann þær dómkröfur, að sér verði með innsetningargerð fengin umráð hestsins Dalvars og stefnda gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Kröfu sína um innsetningu í máli þessu reisir áfrýjandi á því, að hann hafi verið eigandi Dalvars að hálfu á móti Hróðmari Bjarnasyni, en stefndi leiðir rétt sinn og umráð frá honum. Í málinu hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að þessi eignarhlutdeild veiti honum ótvíræðan rétt til að fá vörslur hestsins, jafnvel þótt hún væri óvefngd. Brestur því skilyrði til að beita innsetningargerð, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 55.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Svavar Jensson, greiði stefnda, Birni Sigurðssyni, 55.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Rangárvallasýslu 28. maí 1990.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 14. maí sl.

Gerðarbeiðandi er Svavar Jenson bóndi, Hrappstöðum, Dalasýslu.

Gerðarþoli er Björn Sigurðsson útibússtjóri, Þrúðvangi 7, Hellu.

Gerðarbeiðandi hefur með beiðni, dags. 15. sept. 1989, farið fram á aðstoð fógetaréttarins til innsetningar í umráð hestsins Dalvars, eftir því sem fram kemur í gerðarbeiðni. Gerðarbeiðandi krefst málskostnaðar skv. taxta Lögmannafélags Íslands auk 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun skv. lögum nr. 50/1988 og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti 15 dögum eftir uppsögu úrskurðar.

Gerðarþoli gerir þær kröfur, að synjað verði um hina umbeðnu innsetningargerð og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum virðisaukaskatti á málskostnaðinn, sbr. lög nr. 50/1988.

I.

Málsatvik eru þessi helst:

Þann 3. ágúst 1989 mun Hróðmar Bjarnason hafa selt gerðarþola hestinn Dalvar. Þann 14. sama mánaðar mun gerðarbeiðandi hafa sent gerðarþola símskeyti, dómskjal nr. 4, í hverju hann kveðst vera eigandi ofangreinds hests að hálfu á móti Hróðmari Bjarnasyni, sem ekki hafi haft sitt leyfi til sölu hestsins, og krefst þess að fá hestinn afhentan sér. Þessu sinni gerðarþoli ekki, og af því er mál þetta risið.

Gerðarbeiðandi byggir mál sitt á því, að eignarréttur sinn að hestinum Dalvari sé ótvíræður. Þeir Hróðmar Bjarnason hafi gert um það samkomulag, strax og folaldið, sem hlaut nafnið Dalvar, fæddist, að það skyldi vera sameign þeirra. Skyldi gerðarbeiðandi sjá um hestinn fram að tamningu, hvað hann hafi gert, en Hróðmar þá taka við honum og sjá um tamningu. Gerðarbeiðandi heldur því fram með vísan í ofangreint samkomulag og gögn, sem hann hefur lagt fram, m.a. bréf frá Hróðmari til sín, dómskj. nr. 3, þar sem Hróðmar talar um „okkar sameiginlegu eign..“, að eignarréttur sinn að hestinum sé ótvíræður, og þar sem um slíka sameign sé að ræða, geti Hróðmar sem annar sameigenda ekki ráðstafað hestinum, svo að bindandi sé fyrir sig, án samráðs og heimildar frá sér, og kaupandi, þó að grandlaus sé, geti engan rétt byggt á slíkum kaupsamningi, enda hafi Hróðmar selt hestinn sem slíkan, en ekki bara sinn hlut. Af þessum sökum sé krafist innsetningar.

Gerðarþoli hefur hafnað kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu og byggir það á því, að eignarréttur hans í nefndum hesti sé engan veginn ótvíræður, þrátt fyrir það að í upphafi hafi verið samkomulag milli Hróðmars og gerðarbeiðanda um, hversu uppeldi hrossins og tamningu skyldi hátað, enda þá álitid, að um væri að ræða væntanlegan verðlaunastóðhest. Þær forsendur hafi breyst og klárinn ekki staðið undir væntingum, og því hafi

verið ákveðið að selja hann og í því sambandi rætt m.a. um sölu til Svíþjóðar, sbr. skýrslu Hróðmars á dóm skj. nr. 13. Gerðarþoli heldur því þannig fram, að Hróðmar Bjarnason hafi haft fulla heimild til sölnnar, m.a. vegna kostnaðar, sem á væri fallinn, og brostinnar væntingar varðandi hestinn. Gerðarþoli heldur því enn fremur fram, að Hróðmar hafi, er hann seldi hestinn, komið fram sem eigandi hans og vörslumaður, og hafi gerðarþoli verið grandlaus um annað og keypt hestinn í góðri trú og fengið vörslur hans. Gerðarþoli heldur því þannig fram, að þar sem eignarréttur gerðarbeiðanda sé slíkum vafa háður, þá hljóti hann að þurfa að reka slíkt mál fyrir almennum dómstólum, þar sem menn setja fram kröfur sínar og sönnunarfærsla fer fram með venjulegum hætti; innsetningargerð geti ekki byggst á óvissum rétti eins og í máli þessu.

II.

Kröfu gerðarbeiðanda verður að skilja svo, að Hróðmar Bjarnason hafi ekki mátt selja gerðarþola hestinn Dalvar, þar sem hann, gerðarbeiðandi, hafi átt 50% í honum og sameign sem þessari verði ekki ráðstafað með sölu til þriðja aðila nema með samþykki beggja sameigenda, og að gerðarþoli verði því að þola innsetningu í umráð hestsins vegna vanheimildar Hróðmars.

Eins og mál þetta liggur fyrir og skjöl þess bera með sér, er sýnt, að einhvers konar munnlegt samkomulag milli Hróðmars Bjarnasonar og gerðarbeiðanda hefur í upphafi verið gert um hestinn Dalvar. Gerðarþoli hefur haldið því fram, að sala hafi verið ákveðin og framkvæmd m.a. vegna þess, að ákveðnar vonir, sem bundnar voru við hestinn, hafi brostið, sem og, að kostnaður hafi verið á fallinn, og því hafi verið ákveðið að selja hestinn. Gerðarþoli hefur mótmælt þessu sem og lagt fram reikninga af sinni hálfu um áfallinn kostnað.

Það er almenn regla, að sá, sem heldur fram staðhæfingu gegn mótmælum gagnaðila, beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Slík sönnunarfærsla á ekki heima í fógetaréttinum, m.ö.o. ágreiningur gerðarbeiðanda og Hróðmars Bjarnasonar um, hvert var inntak eignarréttar þeirra yfir hestinum Dalvari, á ekki heima í fógetaréttinum, heldur fyrir hinum almennu dómstólum, þar sem aðilar setja fram kröfur og færa sönnur á sitt mál á venjulegan hátt.

Í málinu hefur ekki heldur verið í ljós leitt, hvernig vörslum hestsins skyldi háttað á þeim tíma, er sala hans fór fram, eða hvort á þeim væru takmarkanir. Gerðarþoli keypti hestinn Dalvar í góðri trú af Hróðmari Bjarnasyni, sem kom fram sem eigandi og vörslumaður hestsins, og greiddi honum kaupverðið, og afhenti Hróðmar honum vörslur hestsins.

Enda þótt leitt hefði verið í ljós, að um ótvíræðan eignarrétt gerðarbeið-

anda hefði verið að ræða, þá hefði gerðarþoli allt að einu öðlast hlut Hróðmars, enda greiddi hann kaupverðið í grandleysi og fékk vörslur hestsins, en ekkert hefur verið í ljós leitt um takmarkanir á vörslum hans og ekki í hlutverki fógetaréttar að ákveða, hvor sameigenda umfram hinn skuli hafa þær.

Samkvæmt öllu framangreindu þykir verða að hafna fram kominni kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu í umráð hestsins Dalvars.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kvað upp Jóhann Hauksson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hin umbeðna innsetningargerð nær ekki fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.
